

Föstudaginn 25. október 1968.
 Nr. 178/1968. **Kristinn Friðriksson**

gegn

**Kristínu Hansen f. h. dánarbús Skúla
 Hansens, Guðrúnu Tryggvadóttur og
 Hauki Þorsteinssyni.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 21. gr., 1, b, laga nr. 57/1962 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 3. október 1968, er barst dóminum 11. október 1968. Hann gerir þær dómkröfur, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur, að lagt verði fyrir héraðsdómara að dæma málið að efni til og að varnaraðiljum verði gert að greiða honum málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Varnaraðiljar krefjast staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skirskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta ákvæði hans um frávísun.

Málskostnaður í héraði og hér fyrir dómi þykir eiga að falla niður.

Dómsorð:

Ákvæði hins kærða dóms um frávísun er staðfest.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. september 1968.

Dómarinn tók mál þetta ex officio til dóms eða úrskurðar föstudaginn 13. september s.l. Stefnandi málsins er Kristinn Friðriksson, sem dvelst á Gesta- og sjómannaheimili Hjálpræðishersins, Reykjavík. Stefndu eru Kristín Hansen, Hamrahlíð 21, Reykjavík, f. h. dánarbús Skúla Hansens, Guðrún Tryggvadóttir tannlæknir, til heimilis að Ægissíðu 84, Reykjavík, og Haukur Þorsteinsson tannlæknir, til heimilis að Lönguhlíð 21, Reykjavík.

I.

Um efnishlið málsins.

Rétt þykir að taka orðrétt upp kröfur stefnanda í málinu ásamt athugasemdum, sem hann gerir við hvern einstakan kröfulið.

„Fyrsta bóta- og fjárkrafa stefnanda er sú, að hinir stefndu ofan og neðanskráðir aðilar verði dæmdir til þess að skaffa stefnanda nýjar falskar tennur, nánar nýja falska tanngarða, er passa á tanngóma stefnanda, sem eru rétt formaðir að allri gerð og lögun án aukakostnaðar fyrir hina nýsmíðuðu tanngarða, er Guðrún, tannlæknir, tróð upp í munn stefnanda á tannlækningastofu db. Skúla Hansen, tannlæknis, Óðinsgötu 4, Reykjavík, þann 11. marz 1965. Er hún, Guðrún tannlæknir, tók við fullri greiðslu fyrir, kr. 5.000.00 — fimm þúsund krónur. Samanber grein no. 5-6-7-8-9-10-20-21-22-23 um yfirlit um tildrög að málshöfðun í sáttarstefnu.

Önnur bóta- og fjárkrafa stefnanda kr. 50.000.00 — fimmtíu þúsund krónur — er byggist upp af tveimur kröfum, sem eru eftirfarandi: Að hinir stefndu ofan- og neðanskráðu aðilar verði dæmdir til þess að stefnanda, er miðast við með og frá 11. marz 1965 og til dagsetningar sáttarstefnu. Í kr. 50.000.00 er sú bóta- og fjárkrafa stefnanda, að allir þeir peningar, sem stefnandi er nú þegar búinn að greiða út úr eigin vasa í þessum málarekstri, verði dæmdir til greiðslu til stefnanda og sem verða lagðir fram í réttinum og sundurliðuðum reikningum. Hin bóta- og fjárkrafa stefnanda í ofan skráðum kr. 50.000.00, sem eru ómakslaunakrafa stefnanda, að hinir stefndu ofan- og neðanskráðu aðilar verði dæmdir til þess að greiða stefnanda ómakslaun fyrir alla þá vinnu og fyrirhöfn, sem stefnandi er nú þegar búinn að leggja fram sjálfur í þessum leiðinlega málarekstri. En ómakslaunakrafa stefnanda fari eftir mati dómstólanna.

Þriðja bóta- og fjárkrafa stefnanda kr. 200.000.00 — tvö hundruð þúsund krónur. Þessi bótakrafa byggist á miskabótum samkvæmt einkamálalögum, sem stefnandi gerir kröfu til, að hinir stefndu ofan- og neðanskráðu aðilar verði dæmdir til þess að greiða stefnanda í miskabætur, sem ákveðast eftir mati dómstólanna. Samanber grein no. 20-21-22-23 í yfirliti yfir tildrög að málshöfðun í sáttarstefnu.

Fjórdða fjárkrafa stefnanda er eftirfarandi, samkvæmt einkamálalögum, að hinir stefndu ofan- og neðanskráðu aðilar verði dæmdir til þess að greiða stefnanda fullkomin málafærslulaun

frá dagsetningu sáttastefnu þessarar, ásamt fullkomnum bankavöxtum af útlögðum peningum frá og með 11. marz 1965, með og frá dagsetningu sáttarstefnu og ásamt bankavöxtum af öllum þeim peningum, sem stefnandi kemur til með að leggja fram og greiðir úr eigin vasa í þessum málarekstri í matsmálinu nr. 86/1965. Skv. grein no. 23 í sáttarstefnu og yfirlit yfir tildrög að málshöfðun“.

Tildrögum málsins lýsir stefnandi í sáttakæru svo:

„Í febrúarmánuði 1965, um 10. eða uppúr 10. febrúar, varð ég að láta gera við falskar tennur, er Skúli Hansen, tannlæknir, lét smíða handa mér fyrir um það bil 16 eða 18 árum síðan, og tókst smíði fölsku tannanna með þeirri snilld, að efri tanngarðurinn er mér nothæfur ennþá. En fyrir um það 6 árum síðan brotnaði neðri tanngarðurinn og lét Skúli Hansen tannlæknir þá þegar smíða mér nýjan neðrigóms-tanngarð, er mistókst smíðin á, og sem aðeins átti að verða mér bráðabirgða tanngarður frá, Skúla Hansens hendi. (Sem aðeins er mín sök að sá tanngarður er til ennþá). Eins og að framan greinir þá var Skúli Hansen minn fyrsti og eini tannlæknir. Því var það, að þá er ég þurfti að fá viðgerð á gömlu tanngörðunum, samkvæmt ofanrituðu, þá hringdi ég í síma tannlækningastofu Skúla Hansen, á Óðinsgötu 4 og spyr eftir Skúla Hansen tannlækni, en fæ það svar í símanum, að Skúli sé dáinn, er hafði algjörlega farið fram hjá mér, og varð mér til hrygðar, að hinn mæti maður væri dáinn.

Gr. no. 2. Þar sem ég þekkti engan tannlæknir hér í bæ, þá leitaði ég mér upplýsinga um það, hvaða starfsfólk starfaði á tannlækningastofu dánarbús Skúla Hansen tannlæknis, og er ég fékk þær upplýsingar að Guðrún Tryggvadóttir tannlæknir væri búin að starfa svo árum saman á tannlækningastofu Skúla Hansen, og það undir hans stjórn, og þá taldi ég að það væru þau fullkonnustu meðmæli, er Guðrún tannlæknir gæti fengið, og að Guðrún hefði mótazt af hinni drengilegu og þrúðmannlegu framkomu Skúla Hansen tannlæknis til manna og málefna.

Gr. no. 3. En það virðist ekki hafa verið rétt athugað hjá mér í sambandi við Guðrúnu Tryggvadóttur tannlæknir enda var ég ekki búinn að leita mér upplýsinga um ætterni Guðrúnar.

Gr. no. 4. Uppúr 10. eða fyrir 15. febrúar 1965, að ég kom inn á tannlækningastofu dánarbús Skúla Hansen á Óðinsgötu 4 hér í bæ og átt samtali við Guðrúnu tannlæknir um viðgerð á gömlu tanngörðunum, er hún, Guðrún, tók við til skoðunar. Þegar Guðrún var búin að skoða gömlu tanngarðana, kvað hún

upp þann dóm, að það borgaði sig ekki fyrir mig að láta gera við þá. En Guðrún tannlæknir bauðst til þess að smíða nýja tanngarða handa mér.

Gr. no. 5. Urðum við Guðrún tannlæknir ekki á sama máli um smíði á nýjum fölskum tönnum, eða tanngörðum handa mér, og þráttuðum við um þetta fram og til baka, og sitt sýndist hvoru, en ég hélt, að gömlu tanngarðarnir hæfðu mér gömlum manningum, sem væri kominn með annan fótinn niður í gröfina, en það vildi Guðrún ekki heyra, en hélt ákveðið fram sínum dómi. Þá spurði ég Guðrúnu tannlæknir að því, hvað kostuðu nýjar falskar tennur, eða nánar framtekið, nýir tanngarðar, og svarið var kr. 5.000.00, þá spurði ég Guðrúnu hvaða verð hún tæki fyrir viðgerðina á gömlu tanngörðunum, ef hún fengist til þess að láta gera við gömlu tanngarðana, og svarið var kr. 800.00, minnst að setja þrjár tennur í þá, en Guðrún sagði að það borgaði sig ekki fyrir mig, og sem endaði með því, að Guðrún tannlæknir fékk vilja sínum framkomið í því að taka gipsmót af mínum tanngómum, og kom ég til Guðrúnar tannlæknis á meðan að hún var að undirbúa smíði nýju tanngarðanna. Í síðasta skiptið var Guðrún búin að móta tanngarðana í vax og bauð mér þá að koma að spegli til þess að sjá og segja um, hvernig mér finndist, að vaxtanngarðarnir færu á mínum tanngómum. Og er ég beit saman vaxtanngörðunum eftir fyrirmælum frá Guðrúnu, þá sagði ég henni, að þessir vaxtanngarðar væru allt of stórir og særðu mig tilfinnanlega og væru mér óþægilegir í alla staði. En Guðrún tannlæknir svaraði umkvörtunum mínum með því að staðhæfa, að þau særindi og óþægindi, er ég finndi til af vaxtanngörðunum, hyrfu við smíði nýju tanngarðanna, en það vildi ekki sannast að svo yrði. Samkvæmt ofanskráðu varð ég undrandi, þegar sú spurning kom frá Guðrúnu tannlæknir, hvernig mér líkuðu vaxtanngarðarnir að öðru leyti, en þeirri spurningu Guðrúnar benti ég henni á, að hinir nýsmíðuðu tanngarðar frá henni Guðrúnu gætu þeir einir svarað.

Gr. no. 6. Guðrún tannlæknir tilkynnti mér, að nýju tanngarðarnir yrðu smíðaðir og til afhendingar þriðjudaginn 3. marz 1965 og yrði ég að koma þann dag til þess að taka á móti nýsmíðuðu tanngörðunum og greiða henni Guðrúnu kr. 5.000.00 fyrir þá. Vegna vissra ástæðna gat ég ekki komið umræddan dag, en hringdi til Guðrúnar tannlæknis og bað hana að afsaka mig, er hún tók þverlega og taldi öll tormeðki á.

Gr. no. 7. Fimmtudagskvöldið 11. marz 1965, kom ég inná

tannlækningastofu dánarbúsins að Óðinsgötu 4, um kl. 5½—6 e. h., og fékk viðtal við Guðrúnu tannlæknir, og þá óskaði ég eftir því að mega greiða henni Guðrúnu nýsmíðuðu tanngarðana, en þar sem ég átti engan tíma pantaðan hjá Guðrúnu, til þess að hún gæti skoðað það, hvort nýsmíðuðu tanngarðarnir frá henni pössuðu á mína tanngóma og væru rétt formaðir að allri gerð og lögun og í alla staði nothæfir fyrir mig. Því óskaði ég þess að mega eiga greidda nýsmíðuðu tanngarðana hjá Guðrúnu í einn eða fleiri daga eftir samkomulagi og ástæðum, en því neitaði Guðrún eindregið, og sá ég enga skynsamlega ástæðu fyrir neitun Guðrúnar, að krefjast þess ákveðið af mér, að ég tæki nú þegar við nýsmíðuðu tanngörðunum hjá henni. Og vorum við Guðrún að þrátta um þetta inni í símaherberginu sem er á milli tveggja tannlækningastofa, og gengið úr símaherberginu inn í þær.

Samanber gr. no. 6, þar sem ég hafði ekki farið niður í bæ frá því á sunnudag 28/2 og það ekki til þess að ná mér í mat niðri á Þorsbar, og þurfti ég því að koma í fjóra staði í bænum, en bjóst við um klukkutíma töf hjá Guðrúnu, á meðan hún væri að athuga það, hvort að nýju tanngarðarnir pössuðu á mína tanngóma, og að hún Guðrún þyrfti að laga tanngarðana eitthvað til að byrja með. Þá er við Guðrún vorum að þrátta um framan-skráð, þá kemur inná biðstofu tannlækningastofunnar myndarleg dökkhærð kona, er Guðrún þegar tekur á móti og býður henni inná aðra tannlækningastofuna, en innangangur er úr símaherberginu, því það var auðséð, að þessi kona átti pantaðan tíma hjá Guðrúnu. Nú kemur Guðrún fram í símaherbergið til mín og krefst þess af mér að ég komi inn á hina tannlækningastofuna og bauð mér að setjast þar í stól. En þá spurði ég Guðrúnu að því, hvort hún vildi ekki hjálpa mér úr frakkanum, og hvort ég ætti ekki að taka af mér höfuðfatið. En þá kom hið dásamlega svar Guðrúnar tannlæknis, að það tæki því ekki og það væri bara tímasóun, en bauð mér enn og aftur að setjast í stólinn, sem hún Guðrún stóð við, sem ég og gerði í staðinn fyrir það að kveðja Guðrúnu og ganga út. Nú hafði Guðrún tannlæknir snör handtök, hún tók út úr mér gömlu tanngarðana og tróð nýsmíðuðu tanngörðunum uppí mig, og sagði mér að bíta saman tanngörðunum, sem og ég gerði, en þá skeði það, að efri tanngarðurinn skar mig hægra megin, svo að Guðrún varð að taka tanngarðinn tvisvar út úr mér til þess að taka af honum, þar með sagði Guðrún tannlæknir, að það væri nú allt í bezta lagi með nýsmíðuðu tanngarðana, og sagði Guðrún tannlæknir, að ég mætti fara,

er ég væri búinn að greiða kr. 5.000.00 (fimm þúsund krónur) fyrir nýju tanngarðana til hennar Guðrúnar tannlæknis, sem ég og gerði, og tók Guðrún á móti peningunum af fyllstu ánægju og gleði. Því spyr ég samkvæmt framanskráðu, er það orðin algild regla hjá tannlæknum hér í bæ, að það fólk er kaupir nýjar falskar tennur af þeim tannlæknunum, að þeir troði uppí munn á viðkomandi nýju fölsku tönnunum án þess að athuga um það nákvæmlega, hvort að fölsku tennurnar eru passandi á tanngóma kaupandans?

Gr. no. 8. Föstudaginn 12. marz 1965 hringdi ég í síma 15894, tannlækningastofu dánarbúsins á Óðinsgötu 4, og fæ samtali við Guðrúnu tannlæknir, og sagði ég Guðrúnu frá þeim göllum, eða vansmíði, er væri þá þegar að koma í ljós í sambandi við nýsmíðuðu tanngarðana frá henni, og neitaði Guðrún því eindregið, að það gæti verið um vansmíði að ræða, þar sem hún Guðrún tannlæknir hefði tekið sjálf gips- og vaxmótin af mínum tanngómum og látið smíða nýju tanngarðana eftir þeim. Guðrún sagði mér að koma þá þegar niður á tannlækningastofu dánarbús Skúla Hansen á Óðinsgötu 4 og sagðist þá sjá um það, að tannsmiðurinn á tannlækningastofu dánarbúsins gæti þá slípað fyrir mig og lagað nýsmíðuðu tanngarðana eftir því er mér þurfa findist. Það varð ekkert samkomulag á milli mín og Guðrúnar að tannsmiðurinn tæki það verk að sér, er ég taldi, að Guðrún tannlæknir bæri einni skilda til að vinna.

Gr. no. 9. Samkvæmt framanrituðu hafði ég hugmynd um það, að Guðrúnu tannlækni hefði mistekizt að taka rétt gips- og vaxmót af mínum tanngómum, og það myndi verða mjög erfitt fyrir mig að fá Guðrúnu til þess að viðurkenna mistök sín. Því var það að ég fór til tannlæknis hér í bæ, og hann skoðaði gömlu tanngarðana fyrir mig, sem miðaðist við væntanlega viðgerð, ef til kæmi, sem hann lét framkvæma fyrir mig uppúr 16. marz 1965, og viðgerðin tókst af mikilli snilld (nánar um þetta atriði á öðrum stað).

Gr. no. 10. Þessi þrjú dægur, sem viðgerðin stóð yfir á gömlu tanngörðunum, þá reyndi ég að nota nýsmíðuðu tanngarðana frá Guðrúnu tannlækni, og það án árangurs, því að þá er ég reyndi að borða með þeim, þá særðu þeir mig tilfinnanlega, og svo losnuðu þeir af tanngómunum og sátu í matnum. Ég ætla að benda á það, sem er sjáanlegt án tæknilegrar athugunar. Með því að bera saman gömlu tanngarðana og nýju tanngarðana frá Guðrúnu tannlækni sést hringmálmismunur á gömlu tanngörðunum

og nýju tanngörðunum, en þó eru ekki nema 14 tennur í neðri og efri tanngarði, bæði í gömlu og nýju tanngörðunum. Vegna þess hve hringmálsmismunurinn er mikill, þá verða tennurnar í nýju tanngörðunum óþéttar, og myndast egghvassar brúnir á milli tannanna, er skera tunguna og særa varirnar. Þetta læt ég nægja, en áskil mér rétt til þess að sanna þessa og aðra smíðagalla tæknilega á nýsmíðuðu tanngörðunum frá Guðrónu tannlækni á öðrum vettvangi.

Gr. no. 11. Ég hringdi í síma tannlækningastofu dánarbús Skúla Hansen tannlæknis að Óðinsgötu 4 þriðjudaginn 16. og fimmtudag 18. marz 1965, og fékk þá samtál báða dagana við Guðrónu tannlæknir, sem entu í stuttum samtölum með afhringingu af Guðrónu tannlæknir. Fimmtudag 25. marz 1965 og fæ samtál enn og aftur við Guðrónu tannlæknir, og þá ræddum við Guðrún aðallega saman um framanskráða smíðagalla á tanngörðunum frá henni Guðrónu, og spurði ég þá Guðrónu að því, hvað hún Guðrún tannlækir vildi gera við nýsmíðuðu tanngarðana, svo að þeir yrðu mér fullkomlega nothæfir að formi til og að allri gerð og lögun. Og svar Guðrúnar tannlæknis var það, að hún Guðrún skildi taka aftan af endunum á tanngörðunum og slípa niður gómkúluna á efri tanngarði, sem er og allt of há. En ég taldi öll vandkvæði á því við Guðrónu tannlæknir, að það yrði hægt að stalla alla smíðagalla af nýju tanngörðunum á þennan hátt, en þá varð Guðrónu all skapfátt, eins og í báðum fyrri símasamtölunum, svo að Guðrún sleit símasambandið, af fullkomri kurteisi?

Gr. no. 12. Fimmtudaginn 1. apríl 1965 kem ég á tannlækningastofu dánarbús Skúla Hansen, Óðinsgötu 4, og fékk viðtal við Guðrónu tannlæknir, og fórum við Guðrún að tala um nýsmíðuðu tanngarðana frá henni, og þá benti hún Guðrún mér á það, að ég hefði enga þekkingu á tannfærði, og tók það fram um tannviðgerðir og tannsmíði, og hafði ég ekkert við það að athuga. En mér skildist, að hún Guðrún tannlæknir vildi fara að kenna mér tannfræðina bæði bóklega og í fyrirlestraformi, en þar sem ég gat búizt við því, að Guðrún yrði nokkuð dýr á kennslunni, þá kvaddi ég og fór.

Gr. no. 13. Eftir fyrsta apríl 1965 talaði ég ekki við Guðrónu tannlæknir í síma þá er ég hringdi í síma 15894 tannlækningastofunnar, en þá talaði ég við Rut? aðstoðarstúlku á tannlækningastofunni, og bar hún kveðju frá mér og fyrirspurn til Guðrúnar um það, hvort það hefði skapazt nokkur grundvöllur

í samkomulagsátt, og reyndist það ekki vera, yfir mánuðina apríl og maí. En svo skeður það, að það verður samkomulag um það, að ég komi niður á tannlækningastofuna fimmtudaginn 10. júní 1965 kl. 3—3.30, sem og ég gerði, til þess að hún Guðrún fengi nú möguleika til þess að skoða og meta smíðagallana á hinum nýsmíðuðu tanngörðum frá Guðrúnu tannlæknir. En þar sannaðist málshátturinn „Að það er skammgóður vermir að pissa í skó sinn“. En vegna framkomu Guðrúnar, eins og að framan er skráð, þá fékk ég mann til þess að koma með mér, og er við fengum samtál við Guðrúnu tannlæknir, þá var öll framkoma hennar og móttökur á þann veg, að það varð ekkert samkomulag, og þá tilkynnti ég Guðrúnu tannlæknir, að nú yrði ég að krefjast mats á nýsmíðuðu tanngörðunum frá henni Guðrúnu, sem og ég gerði 15. júní 1965“.

Stefnandi byggir kröfur sínar með vissu á því, að hinar umræddu tennur hafi verið ranglega smíðaðar og haldnar verulegum göllum.

Að öðrum þræði eða til vara virðist stefnandi byggja kröfur sínar á því, að stefnda Guðrún hafi með röngum upplýsingum um ástand og kostnað við að bæta úr gömlu tanngörðunum fengið sig til þess að kaupa nýjar tennur. Þessi síðarefnda málsástæða kemur þó ekki verulega skýrt fram í skjölum málsins.

Stefnandi hefur ekki rökstutt kröfur sínar sérstaklega á hendur stefnda dánarbúi Skúla Hansens og stefnda Hauki.

Stefndu hafa látið sækja þing í málinu. Hafa þau gert þær dómkröfur, að þau verði sýknuð af kröfum stefnanda og þeim dæmdur málskostnaður úr hans hendi að mati dómsins.

II.

Um formhlið málsins.

Stefnandi höfðaði mál þetta með sáttakæru, birtri 2. apríl 1966, og stefnu, birtri 24. júní 1966.

Málið var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur þann 28. júní 1966. Stefnandi, sem hefur í öllum atriðum, sem máli skipta, rekið mál sitt sjálfur, lagði fram við þingfestingu málsins sex skjöl. Á reglulegu bæjarþingi hinn 20. september 1966 kom fram greinargerð af hálfu stefndu. Var þá leitað sátta með aðiljum með venjulegum hætti, en síðan hófst sameiginleg gagnaöflun. Síðan fengu aðiljar nokkurn frest fyrir hinu reglulega bæjarþingi, og lagði stefnandi fram nokkur skjöl, en undirritaður dómari

hafði þá fyrst þýðingarmikil afskipti af máli þessu, er vitnaleiðslur hófust þann 20. október 1967.

Strax í upphafi þótti dómaranum ljóst, að málatilbúnaður stefnanda væri haldinn miklum göllum. Með því að stefndu höfðu þó ekki krafizt frávisunar og lítil tími gefizt til leiðbeiningar á hinu reglulega bæjarþingi, taldi dómarinn, að með leiðbeiningum sínum eða annarri lögfræðilegri aðstoð mætti forða frekari göllum og bæta úr þeim, sem fyrir voru, þannig að unnt yrði að kveða upp efnisdóm í málinu.

Á áðurgreindu þingi þann 20. október 1967 var stefnandi sjálfur mættur og með honum til aðstoðar Högni Jónsson héraðsdómslögmaður. Högni Jónsson vék þó af þessu þingi, áður en því lauk, og hefur enginn mætt með stefnanda honum til aðstoðar síðar.

Þegar á þessu þingi benti dómarinn stefnanda á það, að málið væri ruglingslega framsett af hans hálfu og að nokkuð bæri á ofreifun og endurtekingum, og ráðlagði dómarinn stefnanda eindregið til þess að fá sér lögmann í málinu.

Á þessu þingi var tekin aðiljaskýrsla af stefnda Hauki og stefndu Guðrúnu, og matsmaðurinn Hallur Hallsson tannlæknir staðfesti þar mat sitt og gaf vitnaskýrslu að auki.

Strax á þessu þingi komu fram erfiðleikar að ná hugsanasambandi við stefnanda og fá hann til að halda sér við þau atriði, sem máli skipta.

Þann 8. desember 1967 var næst þingað í málinu. Tók dómarinn þá fyrst aðiljaskýrslu af stefnanda sjálfum, en því næst voru stefnandi og stefnda Guðrún samprófuð um þau atriði, sem á milli bar. Í lok þessa réttarhalds óskaði stefnandi eftir að gefa frekari aðiljaskýrslu í málinu.

Dómarinn tók það til bragðs að heyra óformlega á þau atriði, sem stefnandi óskaði að koma að. Þótti dómaranum líkur á því, að viðbótarskýrsla þessi varðaði að verulegu leyti efni, sem ekki skiptu máli fyrir úrslit þessa máls, og tók dómarinn þá ákvörðun að leggja fyrir stefnanda, að hann ritaði niður þá viðbótaraðiljaskýrslu, sem hann teldi sig þurfa að gefa, og legði hana skriflega fyrir dómarann, sem síðan tæki það til úrskurðar, hver atriði skýrslu þessarar mættu komast að.

Dómarinn frestaði þinginu í þessu skyni um eina viku.

Hvorki í næsta réttarhaldi þann 15. desember 1967 né síðar kom framhaldsaðiljaskýrsla þessi fram. Þann 15. júní 1965 hafði stefnandi krafizt mats á nýsmíðuðu tönnumum. Hinir dómkvöddu matsmenn, þeir Viðar Pétursson og Hallur Hallsson jr. tann-

læknir, skiluðu matsgerð, dagsettri 10. september 1965, sbr. rskj. nr. 4. Næst var þingað í málinu föstudaginn 15. desember 1967. Þinghald þetta hófst með venjulegum ábendingum dómara til stefnanda um leiðbeiningarskyldu sína. Sérstaklega benti dómariinn stefnanda á það, að hann gæti krafizt yfirmats um tennurnar, og jafnframt benti dómariinn stefnanda á það, að það gæti valdið honum réttarspjöllum, ef krafizt yrði yfirmats, eftir að dómur gengi. Kom nú einnig í ljós, að stefnandi mundi mjög fara að eigin höfði og lítt sinna leiðbeiningum dómara. Þannig krafðist stefnandi þess í þessu þinghaldi að fá að leggja fram tvö skjöl þrátt fyrir leiðbeiningar dómara um það, að þau væru þýðingarlaus fyrir málið, og það gæti varðað hann réttarspjöllum að leggja fram þýðingarlaus skjöl.

Í þinghaldi þessu kom vitnið Hallur Hallsson fyrir dóm að nýju. Þrátt fyrir vilja stefnanda og tilraunir dómara tókst ekki að fá stefnanda til að útbúa spurningar fyrir vitni, sem dómariinn gat hent reiður á.

Í þessu þinghaldi kom matsmaðurinn Viðar Pétursson tannlæknir fyrir dóm og staðfesti mat sitt og gaf vitnaskýrslu að auki.

Af því, sem á undan var gengið í málinu, og af óformlegri aðiljaskýrslu stefnanda þóttu verulegar líkur til þess, að taka yrði mál þetta óvenjulegum og föstum tókum.

Í lok ofangreinds þinghalds (15. desember 1967) tók því dómariinn eftirfarandi ákvörðun í málinu:

„Næsta þinghald í máli þessu skal verða á föstudaginn 12. janúar 1968 kl. 1315. Fyrir þann tíma skulu aðiljar semja nákvæma skýrslu yfir þau vitni, sem þeir telja sig þurfa að leiða í máli þessu, og tilgreina nákvæmlega þær spurningar, sem aðiljar telja, að leggja þurfi fyrir hvert vitni. Þá skal og gerð skrá yfir þau gögn, sem aðiljar telja sig þurfa að koma að í málinu að öðru leyti, þar með talin aðiljaskýrsla. Þá skulu aðiljar vera undir það búnir að flytja málið munnlega um framlagningu þeirra gagna, sem þeir telja sig þurfa að leggja fram, en dómariinn benti aðiljum ljósum orðum á það, að svo gæti farið, að dómariinn tæki málið ex officio eða samkvæmt kröfu til úrskurðar um framlagningu frekari gagna í máli þessu“.

Er þing var sett að nýju þann 12. janúar 1968, var stefnandi þó ekki mættur, en hafði boðað forföll.

Samkvæmt bókum embættisins hefur stefnandi þann 16. febrúar 1968 beðið um undirmat á notagildi gömlu tanngarðanna á þar

tilgreindu tímabili. Samkvæmt beiðni þessari voru matsmenn dómkvaddir á bæjarþinginu þann 26. febrúar 1968. Sjálf matsgerðin hefur eigi verið lögð fram í málinu.

Með bréfi, dagsettu 29. apríl 1968, krafðist nú stefnandi yfirmats á bæði nýju og gömlu tönnunum.

Í mat þetta voru á bæjarþinginu útnefndir þann 6. maí 1968 þeir Friðleifur Stefánsson, Ríkrarður Pálsson og Hængur Þorsteinsson tannlæknir til að framkvæma mat þetta.

Dóminum barst bréf frá yfirmatsmönnum, dags. 4. júní 1968.

Bréf þetta, sem legið hefur frammi í réttinum til sýnis, lagði dómariinn fram nú við uppkvaðningu dómsins. Þykir eftir atvikum rétt að rekja hér efni bréfsins:

„Samkvæmt matskvaðningu í matsmálinu nr. 67/1968 höfum við undirritaðir nú gert tvær tilraunir til að framkvæma hið umbeðna mat.

Í fyrra sinn var boðað til matsins þ. 25. maí kl. 14 að Bolholti 4.

Samkvæmt matskvaðningu skyldi þessum aðilum tilkynnt um matið:

Kristínu S. Hansen, Hamrahlíð 21,

Guðrúnu Tryggvadóttur, tannlækni, Ægissíðu 84,

Hauki Þorsteinssyni, tannlækni, Lönguhlíð 21,

og matsbeiðanda Kristni P. Friðrikssyni, Kirkjustræti 2.

Var hringt í þessa aðila daginn áður, og náðist til allra nema Kristínar S. Hansen. Voru og allir mættir á tilsettum tíma, er til hafði náðst. Er til matsins skyldi ganga, hafði matsbeiðandi ýmsar athugasemdir fram að færa. Taldi hann, að boða hefði átt Leif Þorsteinsson frá Myndiðn, er skýra skyldi tekniskar ljósmyndir af gervitönnum þeim, er metnar skyldu, og Kolbein Kristófersson frá röntgendeild Landspítalans, er skýra skyldi röntgenmyndir, er teknar höfðu verið af gómum matsbeiðanda. Sömuleiðis hefðu matsmenn átt að sjá um, að röntgenmyndir þessar, er geymdar væru hjá borgardómaraembættinu, væru til staðar. Sömuleiðis taldi matsbeiðandi, að matið hefði verið boðað með of stuttum fyrirvara og leggja ætti fram fjarvistarsönnun fyrir Kristínu Hansen.

Matsmenn töldu, að þeim hefði ekki borið skylda til að boða aðra en þá, er í matskvaðningu voru nefndir. Fyndist þeim og eðlilegt, að matsbeiðandi sæi um að skaffa þeim þau hjálpargögn, er hann krafðist, að fram kæmu. Matsmenn féllust á, að boðunarfrestur hefði verið í styttra lagi, en þar sem enginn

þeirra, er til náðist, hefði í símtalinu haft neitt á móti tilteknum tíma, hefðu þeir talið þetta nægan fyrirvara. Afur á móti töldu matsmenn sér enga skyldu bera til að leggja fram fjarvistarsönnun fyrir Kristínu Hansen. Þar sem matsmenn telja sig vera óvilhalla og samningalipra menn, gerðu þeir að tillögu sinni, að matsgerðinni yrði frestað. Féllust þeir einnig á að boða Kristínu Hansen með ábyrgðarbréfi og Leif Þorsteinsson símleiðis, þar sem matsbeiðandi taldi ljósmyndirnar hinar mikilvægustu. Allir viðstaddir féllust á frestun, og var ákveðið, að matið skyldi fara fram þ. 31. maí kl. 20 á sama stað.

Rétt er að geta þess, að matsbeiðandi viðhafði þau orð við matsmenn, að ef mat yrði ekki óvilhalla að hans dómi, ættu þeir yfir höfði sér málsókn líkt og fyrstu matsmenn myndu fá á sig.

Matsmenn framkvæmdu nú boðun, eins og um var samið, og fengu einnig þær upplýsingar hjá borgardómaraembættinu, að matsbeiðanda bæri sjálfum að koma með þau gögn til matsins, er þar væru, ef hann vildi, að þau yrðu notuð við matið. Var matsbeiðanda tilkynnt þetta.

Þann 31. maí kl. 20 voru þessir aðilar mættir:

Guðrún Tryggvadóttir, tannlæknir, Ægissíðu 84,
Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl., lögfræðingur Guðrúnar,
Haukur Þorsteinsson, tannlæknir, Lönguhlíð 21,
Leifur Þorsteinsson, ljósmyndari, Lundi v/Nýbýlaveg,
svo og matsbeiðandi og matsmenn.

Matsmenn spurðu matsbeiðanda því næst, hvort hann hefði meðferðis áður nefndar röntgenmyndir. Kvaðst matsbeiðandi ekki hafa sótt þær né ætla að sækja þær. Til þess hefði hann enga heimild, þó að dómara segðu annað. Matsbeiðandi sneri sér nú að Guðrúnu Tryggvadóttur, lagði fyrir framan hana gervitennur þær, er meta skyldi, og spurði hana, hvort þetta væru gervitennur þær, er hún hafði smíðað fyrir hann og afhent honum gegn greiðslu króna 5.000.00 í febrúar 1965. Guðrún kvaðst reikna með því. Þetta taldi matsbeiðandi ekkert svar og krafðist afdráttarlauss svars, já eða nei. Matsmenn og Guðmundur Ingvi bentu matsbeiðanda á, að hér væri ekki um nein réttarhöld að ræða og bæri því Guðrúnu engin skylda til að svara þesu. Matsbeiðandi kvaðst hins vegar ekki geta samþykkt, að Guðrún yrði viðstödd matið, nema hún gæfi afdráttarlaust jákvætt svar. Guðmundur Ingvi fór nú fram á, að matskvaðning og matsbeiðni matsbeiðanda yrðu lesnar, og var svo gert. Matsmenn spurðu því næst matsbeiðanda, hvort matið gæti farið fram.

Matsbeiðandi kvað þess engan kost, fyrr en Guðrún hefði gefið annað hvort ákveðið svar eða að hún yfírgæfi matið. Þessu neit- aði Guðmundur Ingvi fyrir hönd skjólstæðings síns afdráttar- laust. Matsmenn bentu nú matsbeiðanda á, að í matsbeiðni, undir- ritaðri af honum sjálfum, væri tekið fram, að Guðrúnu væri án nokkurra skilyrða gefinn kostur á að gæta hagsmuna sinna við matið. Matsbeiðandi kvað það engu máli skipta og sagði, að um þetta atriði yrði að ganga dómsúrskurður og jafnvel hæstaréttar- úrskurður. Var nú sýnt, að ekki myndi geta farið fram mat, og tilkynntu matsmenn, að þeir gætu eigi frekar að gert og myndu senda yfirborgardómara þar að lútandi skýrslu. Áminnti mats- beiðandi matsmenn um að skýra nú satt og rétt frá öllu.

Herra yfirborgardómari: Við teljum, að við höfum gert okkar bezta í að reyna að framkvæma þetta umbeðna mat, og er það á engan hátt okkar sök, að ekki tókst að framkvæma það. Föllum við því fram á, að við verðum leystir frá kvöð þessari. Vegna þess tíma og fyrirhafnar, sem þetta hefur kostað okkur, föllum við fram á, að matsbeiðanda verði gert að greiða hverjum okkar um sig krónur 850.00 í ómakslaun.

Við vottum hér með, að skýrsla þessi er gefin samkvæmt beztu vitund og samvizku“.

Jafnframt barst dóminum bréf frá stefnanda sjálfum, dagsett 20. júní 1968, um úrskurð á tilteknum atriðum.

Bréf þetta hljóðar svo:

„Krafa stefnanda um *Úrskurð* á neðanskráðum atriðum.
Til

Yfirborgardómara
bæjarþings Reykjavíkur,
Túngötu 14,
Reykjavík.

Samanber réttarskjöl málanna.

Samkvæmt Matsmálinu Nr. 86/1965

Nú

í bæjarþingi Reykjavíkur
málinu Nr. 3223/1966.

Endurrit úr bæjarþingsbók Reykjavíkur, fimmtudaginn 26. októ- ber 1967 í málinu Nr. 3223/1966.

Þá gefur stefnda, Guðrún Tryggvadóttir tannlæknir, aðila skýrslu í bæjarþingi Reykjavíkur í málinu Nr. 86/1965, samanber Skoðunar- og matsgerð, dagsett í Reykjavík 10. september 1965.

En nú í bæjarþingi Reykjavíkur, málinu Nr. 3223/1966. Um smíði sína á framangreindum gervitanngörðum.

Stefnandi leggur nú fram Nr. 13 gervitanngarða o. s. frv., samkvæmt blaðsíðu 7, er hefst á línu 1, til og með 2.

Eru nú tennur þessar sýndar mættu, og kvaðst hún reikna með því o. s. frv., samkvæmt blaðsíðu 7, er hefst á línu 3, til og með línu 6 og $\frac{1}{2}$.

Samanber föstudaginn 8. desember 1967, sannprófun stefndu og stefnanda, og endurrit úr bæjarþingsbók Reykjavíkur í málinu Nr. 3223/1966, 15. desember 1967.

Samkvæmt yfirmatsbeiðni stefnanda, dagsett Reykjavík 29. apríl 1968. Um það, að dómkvaddir væru þrír yfirmatsmenn til þess að skoða og meta, og það hæfa og óvilhalla menn, ónotaða og nothæfa formgallaða gervitanngarða (gervitennur), er stefnda, Guðrún tannlæknir, smíðaði handa yfirmatsbeiðanda á sínum tíma. Og til þess hæfa að framkvæma öll ákvæði yfirmatsbeiðinnar.

Samanber dómkvaðningu, dagsett Reykjavík 1968, voru dómkvaddir þrír yfirmatsmenn til þess að framkvæma hið umbeðna yfirmat, sem nánar greinir frá dómkvaðningin.

Föstudaginn 31. maí 1968 ákváðu yfirmatsmenn að matið ætti að framkvæmast kl. 8 e. h. á tannlækningastofu Hængs Þorsteinssonar að Bolholti 4, Reykjavík.

Þá ætlaðist yfirmatsbeiðandi til þess, af yfirmatsmönnum, að hafa tilkynnt öllum aðilum formlega um matið og hafa þau skjöl í höndunum, sem fram eru tekin í yfirmatsbeiðni af matsbeiðanda.

Framanskráð föstudagskvöld, þá er yfirmatið átti að framkvæmast, þá mætti stefndu, Guðrún tannlæknir, og Haukur tannlæknir, ásamt lögfræðingi stefndu, en yfirmatsbeiðanda var ekki tilkynnt um það, að það væri nokkur, sem væri mættur við yfirmatið fyrir stefndu Kristínu S. Hansen, ekkju Skúla Hansen tannlæknis, og ákvað yfirmatsbeiðandi að láta það atriði bíða síns tíma.

Nú eru yfirmatsmenn að undirbúa framkvæmdir á yfirmatinu, en þá biður yfirmatsbeiðandi Hæng tannlækni að koma með gervitanngarðana (gervitennurnar) og leggja þá (eða þær) á borðið í herberginu við hliðina á tannlækningastofunni, sem og Hængur tannlæknir gerði.

Þá kvaddi yfirmatsbeiðandi þá yfirmatsmennina til vitnis um eftirfarandi, sem yfirmatsbeiðandi bað yfirmatsmennina að vitna um fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

Yfirmatsbeiðandi bendir nú stefndri, Guðrúnu tannlækni Tryggvadóttur, á gervitanngarðana (eða gervitennurnar) á borðinu, og krefur stefndu, Guðrúnu tannlækni, um það að svara því nú af eður á og það til um það.

Hvort að þetta séu ekki gervitanngarðarnir (eða gervitennurnar), sem að stefnda, Guðrún tannlæknir, hóf smíði á 3. febrúar 1965 handa yfirmatsbeiðanda, sem og er stefnandi bæjarþingsmálsins Reykjavíkur Nr. 3223/1966.

Og afhendir yfirmatsbeiðandi gervitanngarðana (eða gervitennurnar) sem réttformaðri að allri gerð og lögun og fyllilega mathæfa að yðar dómi, samanber yfirmatsbeiðni dagsett Reykjavík 29. apríl 1968.

Og afhentuð yfirmatsbeiðanda gervitanngarðana (eða gervitennurnar) á tannlækningastofu dánarbús Skúla Hansen tannlæknis þann 11. marz 1965, gegn Kr. 5.000.00 — fimm þúsund krónur — greiðslu.

Þá biður yfirmatsbeiðandi Hæng tannlækni um það að lána stefndu, Guðrúnu tannlækni, stólinn (tannlækningastólinn), sem og Hængur tannlæknir játaði að gera.

Til þess að stefnda, Guðrún tannlæknir, ætti möguleika á því að bera umrædda gervitanngarða (eða gervitennur) upp í munn yfirmatsbeiðanda.

Svo að stefnda hefði fullkomnari möguleika til þess að svara framanskráðri spurningu.

En svar stefndu, Guðrúnar tannlæknis, var það, að stefnda reiknaði með því, að þetta séu tennur þær o. s. frv., samanber aðilaskýrslu stefndu.

En stefnda, Guðrún tannlæknir, svaraði því engu til um það að skoða framanskráða gervitanngarða (eða gervitennur) uppi í munn yfirmatsbeiðanda, að viðstöddum yfirmatsmönnum.

Og þar sem lögfræðingur stefndu, Hrl. Guðmundur Ingi Sigursson, bar fram heldur ekki neinar kröfur fyrir hönd stefndu.

Þá taldi yfirmatsbeiðandi sig hafa þann rétt til þess að kveðja stefndu, Guðrúnu tannlækni, frá yfirmatinu.

Þar sem að yfirmatsbeiðandi telur, samkvæmt framanskráðu, að stefnda, Guðrún tannlæknir, hafi þar engra hagsmuna að gæta, samanber útreikning stefndu.

Nú fara yfirmatsmennirnir, ásamt yfirmatsbeiðanda, inn í herbergið sem tannlækningastóllinn er staðsettur í, til þess að framkvæma yfirmatið samkvæmt yfirmatsbeiðninni.

En þar sem stefnda, Guðrún tannlæknir, sýnir það ótvírætt með

framkomu sinni, að stefnda ætlaði sér ekki að taka til greina framanskráð.

Þá ákveður yfirmatsbeiðandi að fresta yfirmatinu um óákveðinn tíma.

En leggja fram deilumál stefndrar, Guðrúnar tannlæknis, og yfirmatsbeiðanda til *Úrskurðar* Yfirborgardómara bæjarþings Reykjavíkur, þar sem að lögfræðingur stefndu framber engin mótmæli fyrir hennar hönd.

Samkvæmt framanskráðu og samanber réttarskjöl málanna, samkvæmt matsmálinu Nr. 86/1965, Nú í bæjarþingi Reykjavíkur í málinu Nr. 3223/1966.

Samkvæmt *Stjórnarskrá Íslands og einkamálaöldggjafarinnar???* Að þá krefst stefnandi framanskráinna mála og samkvæmt ákvæðum bréfs þessa og framanskráðum framlögðum réttarskjölum.

Þess af Yfirborgardómara bæjarþings Reykjavíkur um það, að neðanskráð *atriði verði tekin til Úrskurðar*:

Í fyrsta lagi. Er það *krafa* stefnanda um það, að neðanskráð *atriði verði tekin til Úrskurðar*. Um hagsmunarétt stefndu, Guðrúnar Tryggvadóttur tannlæknis, við yfirmatið á gervitanngörðunum (eða gervitönnunum) er stefnda svarar til með því „og kveðst hún reikna með því o. s. frv.“, samanber aðilaskýrslur stefndu um smíði stefndu á gervitanngörðunum (eða gervitönnunum) handa stefnanda og samanber ákveðnar greinar bréfs þessa og framlögðum réttarskjölum málanna og yfirmatsbeiðni stefnanda.

Í öðru lagi. Er það *krafa* stefnanda um það, að neðanskráð *atriði verði tekin til Úrskurðar*: Að stefnda, Guðrún Tryggvadóttir, tannlæknir, verði *Úrskurðuð* til þess að sanna það *ótvírætt* með fullkomnum rökum fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, að stefnandi *leggi fram* aðra gervitanngarða (eða gervitennur) fyrst við undirmatið 2. sept. 1965, samanber réttarskjal Nr. 4 1965, nú í bæjarþingi Reykjavíkur þann 26. október 1967. En þá gervitanngarða (eða gervitennur) sem og stefnandi tók við úr höndum stefndrar, Guðrúnar tannlæknis, 11. marz 1965, á tannlækningastofu dánarbús Skúla Hansen tannlæknis, að Óðinsgötu 4 hér í bæ. Og samanber vissar greinar bréfs þessa og framlögð um réttarskjöl málanna og yfirmatsbeiðni stefnanda.

Í þriðja lagi. Er það *krafa* stefnanda um það, að neðanskráð *atriði verði tekið til Úrskurðar*. Samkvæmt aðilaskýrslu hinna stefndu aðila, Guðrúnar tannlæknis og Hauks tannlæknis, er þau

gáfu í bæjarþingi Reykjavíkur, fimmtudaginn 26. október 1967. Aðilaskýrsla hinna stefndu aðila ber ekki saman um það *atriði*. Stefndi, Haukur tannlæknir, skýrir svo frá: mætti starfaði á stofunni fyrir Kristínu Snæhólm? En stefnda, Guðrún tannlæknir, skýrir mætt svo frá: unnið á stofunni, þ. e. ekkjuna Kristínu. En báðum hinum stefndu aðilum kemur saman um það *atriði* í aðilaskýrslu sinni, að þau hafi verið ráðin á sama grundvelli og áður var hjá Skúla, hjá Kristínu S. Hansen, ekkju Skúla Hansen tannlæknis. Samanber réttarskjöl málanna og yfirmatsbeiðni.

Í fjórða lagi: er það *krafa* stefnanda um það, að neðanskráð *atriði verði tekið til Úrskurðar*. Því spyr stefnandi að því. Því var ekki í næsta réttarhaldi, sem framkvæmt var í framanskráðum málum, kvödd fyrir bæjarþing Reykjavíkurbæjar stefnda, Kristín S. Hansen, ekkja Skúla Hansen tannlæknis. Til þess þá að staðfesta greinargerð sína, réttarskjal nr. 7. Og til þess þar og þá að gefa aðilaskýrslu sína um rekstrarfyrirkomulag á tannlækningastofu dánarbús Skúla Hansen tannlæknis, þar til að sala fór fram á tannlækningastofu dánarbúsins. Svo að aðilaskýrsla stefndu, Kristínar S. Hansen, lægi frammi í framanskráðum málum í bæjarþingi Reykjavíkurbæjar. Samkvæmt réttarskjala málanna og yfirmatsbeiðni stefnanda.

Í fimmta lagi. Er það *krafa* stefnanda um það, að neðanskráð *atriði verði tekið til Úrskurðar*. Um það er spurt, hvaða aðili eða aðilar eru það, sem eru hér að verki og bera ábyrgð á því, að framanskráð aðilaskýrsla stefndu Kristínar S. Hansen, er ekki til í bæjarþingi Reykjavíkurbæjar, til sannprófunar á aðilaskýrslum hinna stefdu aðila, Guðrúnar tannlæknis og Hauks tannlæknis. Samkvæmt réttarskjala málanna og yfirmatsbeiðni stefnanda“.

Dómarinn þingaði næst í málinu þann 13. september 1968. Dómarinn lét þess strax getið við stefnanda, að kröfur hans samkvæmt bréfi þessu væru mjög illskiljanlegar og að því leyti sem þær væru skiljanlegar tæplega andlag sérstaks úrskurðar. Engu að síður krafðist stefnandi þess, að nefnt bréf sitt yrði skilyrðislaust lagt fram í réttinum, og krafðist hann jafnframt þess, að rétturinn úrskurðaði um þar tilgreind *atriði*. Þegar hér var komið sögu, tók dómarinn fram, að honum sýndist verulegir formgallar vera á málinu, eins og það nú lægi fyrir, og hefði hann ákveðið *ex officio* að taka það þegar í stað til dóms eða úrskurðar.

Var aðiljum gefinn kostur á að láta uppi álit sitt á ákvörðun dómara. Aðiljar höfðu engar athugasemdir fram að færa, en

óskuðu eftir því báðir að koma að málskostnaðarkröfum í þessum þætti málsins.

Að því loknu tók dómariinn málið til dóms eða úrskurðar.

III.

Niðurstaða.

Svo sem hér að framan hefur verið rakið, hefur mál þetta verið mjög illt viðfangs.

Sáttakæran, sem er 8 vélritaðar síður, hefur að geyma ruglingslega fram setta málavexti og kröfugerð, sem engan veginn er skýr.

Stefnan, sem er 5 vélritaðar síður, fjallar að mestu leyti um framkvæmd fyrsta matsins og ýmsar hugleiðingar stefnanda í því sambandi ásamt óskýrri kröfugerð.

Greinargerð stefnanda er 14 vélritaðar síður. Í greinargerð þessari er kröfugerð stefnanda enn endurtekin, málavextir eru þar enn ruglingslega fram settir í löngu máli, og enn fremur má þar finna ýmsar fyrirspurnir og ábendingar til stefndu Guðrúnar.

Mörg skjöl, sem stefnandi hefur lagt fram, eru þýðingarlaus fyrir málið og til þess fallin að flækja það.

Ljóst er af framansögðu, að málalíbúnaður stefnanda brýtur mjög í bága við fyrirmæli laga nr. 85/1936 um skýran og greiðan flutning máls, og kröfur stefnanda eru óskýrar og nokkuð á reiki, að því er virðist.

Þykir málalíbúnaður einkum hafa brotið gegn 88. gr., 105. gr. og 114. gr. nefndra laga. Tilraunir dómans samkvæmt 114. gr. laga nr. 85/1936 til að leiðbeina stefnanda hafa hverfandi árangur borið. Hefur stefnandi þverskallast við að sinna leiðbeiningum dómara, en mjög farið að eigin höfði. Í samræmi við forðæmi og á grundvelli meginreglunnar í 88. gr. og 116. gr. laga nr. 85/1936 hefði málalíbúnaður og framkoma stefnanda nægt til þess að vísa máli þessu þegar frá dómi.

Við það verður þó eigi látið sitja.

Málarekstur stefnanda og framkoma hans annars hingað til þykir gefa næga vísbendingu um það, að breytinga sé ekki að vænta né að leiðbeiningar dómara muni koma að nokkru gagni, þótt málið héldi áfram.

Af því, sem að framan er rakið, þykir nægjanlega í ljós leitt, að stefnandi er óhæfur til að flytja mál þetta sjálfur. Samkvæmt því brestur stefnanda réttarfarsskilyrði, þ. e. málflutningshæfi (processhabet).

Af þeim sökum ber þegar ex officio að vísa máli þessu frá dómi.

Samkvæmt 180. gr. ber að dæma stefnanda til að greiða málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 8.000.00 til hvers stefndu um sig.

Dómarinn lætur þess getið, að honum hafi ekki þótt ástæða til þess að kveðja til meðdómendur samkvæmt 200. gr. laga nr. 85/1936, með því að dómur þessi snerist eingöngu um réttarfarsleg atriði.

Stefán M. Stefánsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Kristinn Friðriksson, greiði stefndu, Kristínu Hansen f. h. dánarbús Skúla Hansens, Guðrúnu Tryggvadóttur og Hauki Þorsteinssyni, kr. 8.000.00 til hvers um sig í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. október 1968.

Nr. 107/1967. **Haraldur Skúlason**

(Þorvaldur Þórarinsson hrl.)

gegn

Theodóru Bjarnadóttur og gagnsök

(Jón Hjaltason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. ágúst 1967, krefst sýknu og málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 29. sept-